

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Stöðvarfjarðar.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 13. apríl 1984 staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Stöðvarfjarðar.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og verið samþykktur af hreppsnefnd Stöðvarfjarðar og skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 24. apríl 1984.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

18. apríl 1984

Nr. 211

SAMÞYKKT

um gjaldskrá vegna hundahalds í Kópavogi fyrir árið 1984.

1. gr.

Gjald fyrir hundahald í Kópavogi fyrir árið 1984 verður sem hér segir:

- a) Vegna 2. gr. samþykktar um hundahald frá 15. mars 1983, sbr. c staflið, kr. 500.
- b) Vegna ákvæða til bráðabirgða í samþykkt um hundahald í Kópavogi frá 15. mars 1983, d stafliður, kr. 2 500.

2. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Kópavogs staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 50/1981 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 18. apríl 1984.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.

9. apríl 1984

Nr. 212

AUGLÝSING

um skiptingu kennslustunda milli námsgreina í 1.—9. bekk grunnskóla.

1. Auglýsing þessi kemur í stað auglýsingar nr. 173/1979 um skiptingu kennslustunda milli námsgreina í 1.—9. bekk grunnskóla og gildir frá og með skólaárinu 1984—1985 þar til öðruvísi verður ákveðið. Auk þess sem hér segir vísast til aðalnámskrár grunnskóla svo og upplýsinga um kennslu í einstökum greinum sem skólum verða sendar.